



26. ágúst 2021
Tilv.: 2107092

Númer: 43/2021

Dreifibréf til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, rekstraraðila markaða, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annarra sem málið varðar

Efni: Ný lög um markaði fyrir fjármálagerninga

Þann 13. júní 2021 voru samþykkt ný lög á Alþingi um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021 og taka þau gildi 1. september 2021. Lögin fela í sér innleiðingu á eftirfarandi gerðum hins svokallaða MiFID2/MIFIR regluverks:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/65 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (MiFID2 hér eftir).
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1034 frá 23. júní 2016 um breytingu á tilskipun 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga.
3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (MiFIR hér eftir).
4. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1033 frá 23. júní 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga.
5. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun.
6. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 frá 18. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar skilgreiningar, gagnsæi, samþjöppun eignasafns og eftirlitsráðstafanir hvað varðar afurðainngrip og stöður.

Lögin eru önnur kynslóð MiFID regluverksins sem er svar Evrópusambandsins við tækninýjungum sem komið hafa fram frá gildistöku MiFID1 árið 2007. Þar að auki eru mörg nýmælanna svar við veikleikum í eldri löggjöf sem komu í ljós í alþjóðlegu fjármálakreppunni árið 2008. Styrkari stöðum er rennt undir eftirlits- og valdheimildir eftirlitsaðila og ákvæði um gagnsæi og fjárfestavernd gerð ítarlegri.

Lögin ná til eftirfarandi aðila:

SEÐLABANKI ÍSLANDS

- Verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaða og veitenda gagnaskýrsluþjónustu.
- Lánastofnana þegar þær veita fjárfestingarþjónustu, stunda fjárfestingarstarfsemi og selja eða ráðleggja viðskiptavinum um samsettar innstæður.
- Rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða þegar fjárfestingarþjónusta er veitt. Ennfremur gilda ákvæði laganna um markaðsefni framangreindra aðila.
- Aðilar að skipulegum mörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga sem ekki eru starfsleyfis skyldir samkvæmt lögum þurfa jafnframt að fara að ákvæðum laganna um algrímsviðskipti og beinan rafrænan aðgang.

MiFID2 og MiFIR fylgir talsverður fjöldi framseldra gerða, en þær eru á sjötta tug talsins og útfæra nánar ákvæði MiFID2 og MiFIR. Framseldu gerðirnar verða innleiddar með reglum Seðlabanka Íslands, utan þriggja gerða sem verða innleiddar með öðrum hætti. Framseldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 og 2017/567 öðlast lagagildi með framangreindum lögum. Framseld tilskipun Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/593 verður innleidd með reglugerð ráðherra.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA hér eftir) hefur gefið út viðmiðunarreglur sem útfæra nánar ákvæði regluverksins, sem er m.a. ætlað að stuðla að samleitni í framkvæmd eftirlits á Evrópska efnahagssvæðinu. Seðlabanki Íslands mun taka upp viðmiðunarreglurnar sem kynnt verður með dreifibréfum.

Meginefni laganna og helstu breytingar sem þau felast í sér eru eftirfarandi:

- Í lögum er fjallað um kröfur sem gerðar eru til verðbréfafyrirtækja, rekstraraðila markaða, veitenda gagnaskýrsluþjónustu og annarra aðila sem áður var fjallað um í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, lögum um kauphallir nr. 110/2007 og lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Með lögum falla hlutar laga um verðbréfaviðskipti brott og breytingar verða á lögum um fjármálafyrirtæki. Þá falla lög um kauphallir brott með gildistöku laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir halda samsvarandi starfsleyfi og starfsheimildum á grundvelli laga um markaði fyrir fjármálagerninga sem veittar voru samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
- Gildissvið laganna er víðtækara og má þar helst nefna að þau taka til fleiri tegunda aðila, s.s. veitenda gagnaskýrsluþjónustu og fleiri tegunda fjármálaafurða en fjármálagerninga, þ.e. samsettra innstæðna. Þá er einnig fjallað um hátíðniviðskipti í lögum sem ekki er að finna í eldri lögum. Fjármálaeftirlitið vísar að öðru leyti til ákvæða laganna um gildissvið og takmarkanir á gildissviði.
- Hugtakanotkun er breytt í nokkrum tilvikum frá eldri lögum. Til að mynda er fjárfestingarþjónusta og –starfsemi notað í stað verðbréfaviðskipta sem er nákvæmari þýðing á frumtextanum, „investment services and activities“. Þá er

skipulegur verðbréfamarkaður orðinn skipulegur markaður í nýju lögnum sem er nær frumtextanum og nákvæmara í ljósi þess að ekki eru einungis verðbréf í viðskiptum á skipulegum markaði. Hugtakið fjármálagerningur nær enn fremur til fleiri tegunda afurða í nýju lögnum, s.s. hrávöruafleiða og losunarheimilda.

- Ný tegund viðskiptavettvangs er í lögnum sem kallast skipulegt markaðstorg sem í frumtextanum ber heitið „organised trading facility“ eða OFT. Það er marghliða viðskiptakerfi þar sem fjármálagerningar, aðrir en hlutabréf, eru í viðskiptum. Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða geta rekið skipuleg markaðstorg og hafa þessir aðilar heimild til að setja reglur sem fela í sér svigrúm um ákvörðun um framkvæmd fyrirmæla, ólíkt skipulegum mörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga.
- Lögin gera ekki ráð fyrir því að taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði verði lengur starfsleyfisskyld starfsemi líkt og var í eldri lögum.
- Ákvæði um skipulagskröfur og fjárfestavernd eru orðin ítarlegri í lögnum. Sem dæmi um breytingar á fjárfestavernd má nefna auknar kröfur um ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra, hvatagreiðslna, mat á hæfi, öflun upplýsinga, veitingu upplýsinga til viðskiptavina og bestu framkvæmd.
- Í lögnum eru nýmæli sem gera ráð fyrir kröfum til verðbréfafyrirtækja sem framleiða og dreifa fjármálagerningum og samsettum innstæðum. Ákvæði um vörubrúun og dreifingu (e. product governance) fela í sér kröfur um skilgreiningu markhóps fyrir hvern fjármálagerning og gerð dreifingaráætlunar. Þá þurfa verðbréfafyrirtæki að skilja einkenni fjármálagernings og markhóp hans.
- Í lögnum er gert ráð fyrir að verðbréfafyrirtæki megi veita viðskiptavinum og hugsanlegum viðskiptavinum upplýsingar á rafrænu formi, nema sérstaklega sé óskað eftir upplýsingum á pappír sem er breyting frá eldri lögum.
- Tilkynningaskylda verðbréfafyrirtækja verður umfangsmeiri í nýju lögnum og þau fela einnig í sér aukningu á magni tilkynningarskyldra gagna. Fjármálaeftirlitið tók nýtt TRS kerfi í notkun um áramótin 2017-2018 í tengslum við innleiðingu MiFIR.
- Í lögnum er að finna víðtækari ákvæði um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti og ákvæði um hámarks á stöður með hrávöruafleiður. Til að mynda munu aðilar sem falla undir lögin þurfa að birta upplýsingar um viðskipti sem fara fram utan viðskiptavettvangs í gegnum viðurkennda birtingaþjónustu (e. approved publication arrangement, APA), auk þess sem löggjöfin útfærir með skýrari hætti en áður þau viðmið sem eiga við um skyldu aðila til að gerast innmiðlarar fari umfang viðskipta með tiltekna fjármálagerninga utan viðskiptavettvangs fyrir hönd viðskiptavina umfram umrædd mörk.
- Við sérstakar aðstæður og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum getur Seðlabanki Íslands bannað eða takmarkað markaðssetningu, dreifingu eða sölu fjármálagerninga eða samsettra innstæðna, eða fjármálagerninga eða samsettar

innstæður með tiltekna eiginleika. Þá getur Fjármálaeftirlitið bannað eða takmarkaða vissa tegund af fjármálastarfsemi eða framkvæmd.


- Við sérstakar aðstæður og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum getur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) bannað eða takmarkað tímabundið markaðssetningu, dreifingu eða sölu fjármálagerna eða samsettra innstæðna, eða fjármálagerna og samsettar innstæður með tiltekna eiginleika. Þá getur ESA bannað eða takmarkaða vissa tegund af fjármálastarfsemi eða framkvæmd.

Fjármálaeftirlitið kynnti nokkur þeirra nýmæla sem lögin fela í sér á fundi fyrir eftirlitsskylda aðila í febrúar 2019. Glærुकyningar frá fundinum má nálgast á vef Seðlabankans.

Frekari upplýsingar eru veittar á netfanginu mifid2@sedlabanki.is.

Virðingarfyllt,


SEÐLABANKI ÍSLANDS



Páll Friðriksson

framkvæmdastjóri

markaðir og viðskiptahættir



Inga Dröfn Benediktsdóttir

forstöðumaður

markaðir og viðskiptahættir